

49. gr. Um hvenær slík lækkun skuli veitt og um eftirlit rikisskattstjóra með slíkum lækkunum, sjá 50. gr.

120. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IX., X., og XI. kafla, eftir því sem þörf krefur.

121. gr.

Nú hafa undirskattanefndum eða yfirskattanefndum verið falin sérstök störf skv. lögum eða reglugerðum, og skulu þá skattstjórar þeir, sem skipaðir verða eftir reglugerð þessari, leysa þau störf af hendi, unz öðruvísi verður ákveðið.

122. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimildum í lögum nr. 70 28. apríl 1962 og lögum nr. 22 9. marz 1956, öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt eru úr gildi felldar eftirtaldar reglugerðir:

Nr. 147 30. desember 1955, nr. 166 15. október 1957, nr. 196 13. desember 1958, nr. 58 15. apríl 1960, nr. 70 10. maí 1960, nr. 179 1. ágúst 1960, nr. 41 15. marz 1961 og nr. 86 24. maí 1963 svo og ákvæði annarra reglugerða og auglýsinga, er brjóta í bága við reglugerð þessa.

Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1963.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

Nr. 246.

REIKNINGUR

Styrktar- og sjúkrasjóðs vitavarða Íslands 1962.

Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1962.

Eignir:

1. Innstæða í Landsbanka Íslands	kr. 453396.07
2. 10. fl bankavaxtabréf Landsbanka Íslands	— 1000.00
3. Hlutabréf Eimskipafélags Íslands	— 25.00
4. 5% skuldabréf Byggingarsamv.fél. starfsmanna ríkisins	— 5000.00

Kr. 459421.07

Skuldir:

Höfuðstóll 1. jan. 1962	kr. 403521.48
Rekstrarhagnaður	— 55899.59

kr. 459421.07

Kr. 459421.07

Rekstrarreikningur árið 1962.**Tekjur:**

1. Tillag vitavarða	kr. 18003.87
2. Gestafé	— 7478.60
3. Vextir	— 27417.12
4. Ríkissjóðsstyrkur	— 3000.00

 Kr. 55899.59
Gjöld:

Rekstrarhagnaður	kr. 55899.59
------------------------	--------------

 Kr. 55899.59

VITAMÁLASTJÓRINN

Aðalsteinn Júlíusson.